Póstur sendur 31. október vegna könnunar ÍÆ

Sæl öll - foreldrar og forsjáraðilar MH-inga. (the attachment has further information in other languages)

Mánudaginn 6.nóvember verður Íslenska æskulýðskönnunin lögð fyrir hér í MH. Það verður gert í einni kennslustund eftir hádegi hjá þeim nemendum sem eru í tíma þá stundina. Þátttaka nemenda er valkvæð og geta þeir og þið foreldrar/ forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri hafnað þátttöku. Viljir þú ekki að barn þitt taki þátt í könnuninni er hægt að senda tilkynningu þess efnis á tengilið könnunarinnar innan skólans, konrektor@mh.is Til þess að ná sem áreiðanlegustum niðurstöðum um velferð barna á Íslandi er þó áréttað að þátttaka sem flestra barna er afar mikilvæg.

Nánar má lesa um könnunina í fylgiskjali ( textinn er hér fyrir neðan).
kv Helga

---

ÍSLENSKA
ENGLISH
POLSKI
ESPAÑOL
ARABIC

Reykjavík október/nóvember 2023

Kæra foreldri/forsjáraðili

Nú á haustmánuðum verður Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ) lögð fyrir framhaldsskólanemendur um allt land. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir rannsóknina fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007. Rannsóknin er einn liður í innleiðingu löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, *nr. 86/2021*.

Tilgangur verkefnisins er að safna gögnum um sýn ungs fólks í framhaldsskólum á ýmsa þætti sem snúa að eigin velferð; til skólastarfs þeirra, íþrótta- og tómstundaiðkunar, samskipti við uppalendur, eigið heilbrigði svo sem andlega líðan, eigin notkunar nikótíns, áfengis og annarra vímuefna, sýn á eigin hamingju, félagsefnahagslega stöðu, upplifun af ofbeldi t.d. einelti, félagstengsl og notkun samfélagsmiðla.

Grundvöllur verkefnisins liggur í að kortleggja stöðu ýmissa farsældarþátta og gera stefnumótunaraðilum og þeim sem vinna á vettvangi með börnum og ungmennum kleift að nýta niðurstöður sem leiðbeinandi gögn í ákvarðanatöku um forgangsröðun verkefna og hvaða inngrip og stuðning þarf að veita börnum og fjölskyldum þeirra.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að lokinni úrvinnslu birtar í skólaskýrslum til þátttökuskóla og landsskýrslum sem eru aðgengilegar öllum án endurgjalds á vefsíðu rannsóknarinnar https://iae.is og á vefsíðu mennta- og barnamálaráðuneytis. Jafnframt birtast ákveðnir farsældarvísar sem spurt er um í könnuninni í Mælaborði um farsæld barna á vef mennta- og barnamálaráðuneytis.
Þátttaka nemenda er valkvæð og geta þeir og þið foreldrar/forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri hafnað þátttöku. Viljir þú ekki að barn þitt taki þátt í könnuninni er hægt að senda tilkynningu þess efnis á tengilið könnunarinnar innan skólans, konrektor@mh.is
Til þess að ná sem áreiðanlegustum niðurstöðum um velferð barna á Íslandi er þó áréttað að þátttaka sem flestra barna er afar mikilvæg.
Könnunin er lögð fyrir á rafrænu formi á skólatíma. Nánari tímasetning fyrirlagnar fer eftir samkomulagi við stjórnendur og tengilið hvers skóla. Tengiliður innan skólanna mun upplýsa nemendur um að könnunin sé ópersónugreinanleg og að nemendum sé ekki skylt að taka þátt eða svara spurningum sem þeir vilja sleppa. Einnig er nemendur upplýstir um að heimilt er að hætta þátttöku hvenær sem er.
Skólarnir eru beðnir að upplýsa stuðningsaðila innan skólans um fyrirlögn rannsóknarinnar ef nemendur skyldu leita til þeirra vegna einhvers sem tengist svörun spurningalistans. Í lok könnunarinnar birtist þátttakendum jafnframt eftirfarandi upplýsingaskjár:

Ef þér líður illa yfir einhverju sem tengist svörum þínum í könnuninni ert þú hvattur til að:

- Tala við kennara eða annan starfsmann skólans sem þú treystir og þau aðstoða þig að fá sérfræðiþjónustu
- Tala við foreldra þína eða annan aðila sem þú treystir og finnst gott að tala við
- Hringja í hjálparsíma Rauða krossins 1717

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Kristín Harðardóttir forstöðumaður Menntavísindastofnunnar Háskóla Íslands (Netfang: krishar@hi.is).
Með góðri kveðju
Ólöf Ragna Einarsdóttir
Verkefnastjóri
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Íslenska æskulýðsrannsóknin
MENNTAVÍSINDASTOFNUN

Reykjavík nóvember 2023

Dear parent/guardian,

This autumn, the Icelandic Youth Survey will be submitted to secondary school students across the country. The University of Iceland's Educational Research Institute will conduct the study on behalf of the Ministry of Education and Children, pursuant to the provisions of the Youth Act no. 70/2007. The survey is a part of the implementation of the Act on the Integration of Services in the Interest of Children's Prosperity *no. 86/2021*.

The aim of the project is to collect data about the views young secondary school students have on various aspects of their own well-being, including school work, sports and leisure activities, relationship with their parents/guardians, their health, such as mental well-being, their use of nicotine, alcohol and other substances, their own happiness, socioeconomic status, experience with violence, e.g. bullying, social connections and the use of social media.

The aim of the project is to map out various well-being factors to enable policy makers and individuals who work with children and young people to use the results as guidance when deciding how to prioritise projects and what intervention and support is needed for children and families.

After the results of the survey have been processed, the data is published in individual school reports for participating schools and national reports that will be made publicly available, free of charge, on the survey's website https://iae.is and on the Ministry of Education and Children's website. Furthermore, certain well-being indicators that the survey examines will be published on a Dashboard for Children's Well-being on the Ministry of Education and Children's website.
Student participation is optional. The students as well as the parents/guardians of students under the age of 18 may refuse to take part. If you do not want your child to take part in the survey, you can notify the survey's contact person at the school, konrektor@mh.is
We want to emphasise the importance of as many children as possible participating, so the results on the well-being of children in Iceland will be as accurate as can be.
The survey will be submitted in electronic form during school hours. Exact timing for the submission of the survey will be scheduled subject to agreement with the administrators and contact person of each school. A contact person at the school will inform the students that the survey is non-personally identifiable, and that they are not obliged to participate or answer any questions that they want to skip. Students will also be informed that they may stop taking part at any time.
Schools are asked to inform their staff about the survey in case they are approached by students because of matters related to the questionnaire. The following information will be displayed to the students at the end of the survey:

> If you are upset about anything related to your survey responses, we encourage you to:
>
> - Speak to a teacher or other staff member you trust at your school for assistance to seek professional help
> - Speak to your parents or another person you trust and feel comfortable talking to
> - Call the Red Cross Helpline 1717

Kristín Harðardóttir, Director of the Educational Research Institute, is responsible for the survey (E-mail: krishar@hi.is).

Best regards,

Ólöf Ragna Einarsdóttir
Project Manager
The University of Iceland's Educational Research Institute

Íslenska æskulýðsrannsóknin

MENNTAVÍSINDASTOFNUN

Reykjavík november 2023 .

Szanowny rodzicu/opiekunie!

Tej jesieni uczniom szkół średnich w całym kraju rozesłana zostanie ankieta Icelandic Youth Survey. Instytut Badań Edukacyjnych na Uniwersytecie Islandzkim będzie prowadzić badanie na zlecenie Ministerstwa ds. Edukacji i Dzieci zgodnie z ustawą nr 70/2007 o młodzieży. Ankieta realizuje zapisy Ustawy o integracji usług w zakresie dobrobytu dzieci *nr 86/2021*.

Celem niniejszego projektu jest gromadzenie danych na temat poglądów uczniów szkół średnich na temat różnych kwestii związanych z ich własnym dobrostanem, w tym obowiązkami szkolnymi, sportem i zajęciami rekreacyjnymi, relacjami z rodzicami/opiekunami, własnym zdrowiem, w tym samopoczuciem psychicznym, przyjmowaniem nikotyny, alkoholu i innych substancji, zadowoleniem, statusem socjoekonomicznym, doświadczeniami dotyczącymi przemocy, m.in. nękania, relacjami społecznymi i korzystaniem z mediów społecznościowych.

Projekt ma za zadanie określić różne czynniki wpływające na dobrostan, aby umożliwić decydentom oraz osobom pracującym z dziećmi i młodzieżą wykorzystanie wyników jako wskazówek przy podejmowaniu decyzji dotyczących ustalania priorytetowych projektów oraz tego, jakie działania i wsparcie są potrzebne dzieciom oraz rodzinom.

Po przetworzeniu dane są publikowane w postaci raportów dotyczących poszczególnych szkół uczestniczących w projekcie oraz raportów krajowych, które będą ogólnodostępne za darmo w witrynie internetowej badania https://iae.isoraz w witrynie internetowej Ministerstwa ds. Edukacji i Dzieci. Ponadto niektóre wskaźniki dobrostanu uwzględnione w ankiecie będą publikowane w panelu dotyczącym dobrobytu dzieci w witrynie internetowej Ministerstwa ds. Edukacji i Dzieci.

Udział uczniów jest opcjonalny. Uczniowie oraz rodzice/opiekunowie uczniów poniżej 18. roku życia mogą odmówić wzięcia udziału. Jeśli nie chcą Państwo, aby Państwa dziecko wzięło udział w badaniu, prosimy powiadomić o tym osobę kontaktową w Państwa szkole, pisząc na adres konrektor@mh.is

Ważne jest, aby jak najwięcej dzieci wzięło udział w badaniu. Dzięki temu wyniki dotyczące dobrostanu islandzkich dzieci będą bardziej wiarygodne.
Ankieta będzie przeprowadzana w formie elektronicznej w godzinach pracy szkoły. Dokładny termin przesłania kwestionariuszy zostanie zaplanowany zgodnie z umową z administracją i osobą kontaktową szkoły. Osoba kontaktowa w szkole poinformuje uczniów, że badanie nie umożliwia identyfikacji uczestników i jest dobrowolne, a także że nie muszą oni brać udziału w ankiecie ani odpowiadać na pytania, które chcą pominąć. Uczniowie zostaną również poinformowani, że mogą przerwać udział w dowolnym momencie.
Szkoły powinny poinformować pracowników o ankiecie na wypadek, gdyby zwrócili się do nich uczniowie z pytaniami dotyczącymi kwestionariusza. Na końcu ankiety wyświetlone zostaną następujące informacje: